

Samningur (Drög)

Milli Langanesbyggðar, kt. 420369-1749, kallað verkkaupi í samningi þessum og Björn Ingimarsson, kt. 301254-4079, kallaður verktaki, um vinnu við úttekt á rekstri sveitarfélagsins Langanesbyggðar.

Verktaki tekur að sér verkefnið í samráði við fulltrúa byggðaráðs, endurskoðendur og lykilstjórnendur.

Verkefni verktaka er eftirfarandi:

- Gagnaöflun og yfirferð. Samræður við endurskoðendur, fulltrúa í byggðaráði og lykilstjórnendur. Greina skal rekstur í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög og unnið mat á hagræðingarmöguleikum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og með hliðsjón af þeim áherslum er fram koma í samræðum. Greina skal einnig fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og meta fjárfestingamöguleika með hliðsjón af vægi eigin fjármögnunar og lántökum varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir. Skoða útfærslur varðandi stjórnsýslu, með áherslu á jákvæða upplifun íbúa, sem farið hefur verið í hjá öðrum fjölkjarnasveitarfélögum, með það í huga hvort rétt sé að huga að breytingum hvað þetta varðar hjá sveitarfélaginu. Nýtt verði bæði stað- og fjarfundarform eftir því sem hentar hverju sinni.

Áætlað er að kostnaður vegna vinnu verktaka við verkefnið (tímagjald kr. 25.000,- án vsk.) nemi um kr. 3.000.000,- án vsk. fyrir utan ferðakostnað, kostnað vegna veitinga og gistinga auk annars útlagðs kostnaðar s.s. vegna gagnaöflunar o.fl.

Gert er ráð fyrir að verktaki kynni verkkaupa niðurstöður fyrir lok ágúst næstkomandi.

Þórshöfn . júní 2026

F.h. verkkaupa

F.h. verktaka

Björn Ingimarsson